



Varanlegt hrím í gíg á norðursléttunum

Á Mars er yfirborðsís að mestu leyti aðeins tímabundið fyrirbæri. Setlögin á báðum pólsvæðunum eru þykkir bunkar af varanlegum vatnsís og einnig gæti suðarpólhettan haft varanlegt (en engu að síður breytilegt) lag af koldíoxíðís. Á lægri breiddargráðum er hins vegar árstíðabundið hrím (að mestu CO₂ en líka örlítill vatnsís) sem birtist og hverfur ár hvert.